

Fundargerð

194. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn kl. 13.30 fimmtudaginn 7. sept. 2017 að Furuvöllum 1, Akureyri.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til kynningar, samþykkt og undirrituð.

2. Fráveitumál í Mývatnssveit, staða mála.

Farið var yfir stöðu mála hvað varðar fráveitumál í Skútustaðahreppi. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur framsent kæru Skútustaðahrepps á ákvörðun heilbrigðisnefndar um að hafna úrbótaáætlun vegna fráveituframkvæmda innan hreppsins til fullnaðarúrskurðar ráðherra.

3. Loftgæði í Akureyrarbæ, svifryk, umferð og skemmtiferðaskip

Skýrt var frá stöðu mála hvað varðar fjölda daga sem fara yfir heilsuverndarmörk m.t.t. svifryks í Akureyrarbæ og mögulegar aðgerðir og eftirfarandi bókað:

§Heilbrigðisnefnd fer fram á að Akureyrarbæ vinni ítarlega aðgerðaráætlun sem hafi að markmiði að lágmarka fjölda tilvika þar sem svifryk fer yfir heilsuverndarmörk í Akureyrarbæ. Í þessu sambandi verði kannað sérstaklega hvort bæta megi þrif á götum bæjarins, endurbæta verklag við hálkuvarnir og taka í notkun rykbindiefni til að draga úr svifryksmengun af völdum bifreiðaumferðar. Farið er fram á að aðgerðaráætlun verði skilað til Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra ekki seinna en 1. desember 2017.ð

Þá er jafnframt bent á mikilvægi þess að kortleggja og fyrirbyggja loftmengun frá skemmtiferðaskipum og öðrum skipum sem liggja við bryggju í Akureyrarhöfn. Hvatt er til að þess að möguleikar á landtengingum verði kannaðir og eftir atvikum hrint í framkvæmd; þannig að skip geti nýtt sér raforku úr landi í stað þess að keyra ljósavélar um borð.ð

4. Hljóðvist við Krossanesbraut í Akureyrarbæ

Skýrt var frá niðurstöðum hljóðmælinga og mælinga á umferðarþunga á Krossanesbraut í Akureyrarbæ og eftirfarandi bókað:

§Heilbrigðisnefnd vekur athygli bæjarstjórnar Akureyrarbæjar á slæmri hljóðvist við Krossanesbraut, sbr. mælingar sem

Akureyrarbær hefur framkvæmt í kjölfar kvartana frá íbúum. Heilbrigðisnefnd kallar eftir tímasettri úrbótaáætlun frá Akureyrarbæ sem taki mið af því að bæta hljóðvist við Krossanesbraut og er farið fram á að úrbótaáætlun verði skilað til Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra ekki seinna en 1. desember 2017.ð

5. B. Jensen – brennsluofn; staða mála og umsókn um endurnýjun starfsleyfis

Á fundi heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra þann 17.ágúst 2016 var starfsleyfi fyrir brennsluofn B. Jensen samþykkt til eins árs frá útgáfudegi, sem var 25.ágúst. Samhliða var gerð eftirfarandi bókun:

„Starfsleyfi samþykkt til 12 mánaða. Heilbrigðisnefnd leggur áherslu á mikilvægi þess að meta reynsluna af rekstri brennsluofns á næstu mánuðum; sérstaklega m.t.t. loftmengunar gagnvart nágrönnum.“

Ljóst er að reynslan af rekstri ofnsins m.t.t. nágretta hefur ekki verið góð þar sem margar og ítrekaðar kvartanir hafa borist heilbrigðiseftirliti vegna reykjar- og lyktarmengunar.

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra getur af þessum sökum ekki samþykkt veitingu á áframhaldandi starfsleyfi fyrir brennsluofn á núverandi stað.

6. Fundur HNE og framkvæmdadeildar vegna númerslausra bíla í Akureyrarbæ

Kynntar voru viðræður á milli Akureyrarbæjar og Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra um aðgerðir gegn númerslausum bílum og lausadóti í Akureyrarbæ og vandkvæði sem hafa komið upp s.l. sumar varðandi töku og geymslu á slíkum munum. Heilbrigðiseftirlitið áréttar mikilvægi þess að eiga á hverjum tíma skilvirk úrræði til að fjarlægja og geyma númerslaus ökutæki og lausamuni.

Umsagnir:

1. Endurbygging alifuglahúss í Sveinbjarnargerði – umsögn um matsskyldu

María Markúsdóttir heilbrigðisfulltrúi kynnti umsögn; að mati HNE (Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra) er framkvæmd ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

2. Breytingar á aðalskipulagi á Árskógssandi – skipulagslýsing vegna byggingar seiðaeldisstöðvar

María Markúsdóttir heilbrigðisfulltrúi kynnti umsögn um helstu áhersluatriði HNE.

3. Breytingar á aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps – skipulagslýsing

María Markúsdóttir heilbrigðisfulltrúi kynnti umsögn um helstu áhersluatriði HNE.

4. Rammaskipulag Oddeyrar – skipulagstillaga

María Markúsdóttir heilbrigðisfulltrúi kynnti umsögn um tillögu að rammaskipulagi Oddeyrar. Engar athugasemdir að hálfu HNE um tillöguna.

5. Hólsvirkjun í Fnjóskadal – umsögn um tillögu að matsáætlun

María Markúsdóttir heilbrigðisfulltrúi kynnti jákvæða umsögn.

6. Auglýsing um skipulagsmál á Rangá í Kinn. Tillaga að deiliskipulagi og breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar.

Porkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti umsögn um helstu áhersluatriði HNE.

7. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Hverfjalls.

Porkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti umsögn um helstu áhersluatriði HNE.

8. Umsögn varðandi undanþágu fyrir urðunarstað við Bakkafjörð

Porkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti umsögn um helstu áhersluatriði HNE.

9. Fyrirspurn frá Landhelgisgæslunni um álit HNE á að opna veginn upp á Gunnólfsvíkurfjall yfir sumarmánuðina fyrir almennri umferð

Porkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti umsögn þar sem erindinu er hafnað að teknu tilliti til vatnsverndar á svæðinu.

10. Skólphreinsivirki við Hótel Reyhlið. Umsögn til Skipulagsstofnunar

Porkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti umsögn um framkvæmdina og helstu áhersluatriði HNE.

11. Skipulags- og matslýsing, aðalskipulag Skútustaðahrepps Skólphreinsistöð í Reykjahlíð

Porkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti umsögn og helstu áhersluatriði HNE.

Umsóknir um starfsleyfi:

1. Íslenska gámafélagið ehf., kt. 470596-2289, Ægisnesi 3, 603 Akureyri. Sorpflutningar og sorphirða. Nýtt starfsleyfi. **Afgreiðslu frestað.**

2. Hraunbær ehf, kt. 500599-4529, Hraunbæ Aðaldal. Gististaður fl III. Endurnýjun. **Samþykkt.**
3. Laxárfélagið veiðifélag, kt. 450471-0469. Vökuholt veiðihús. Endurnýjun. **Samþykkt.**
4. Fensalir ehf, kt. 690798-2129. Gistiheimilið Árból Húsavík. Endurnýjun. **Samþykkt.**
5. Gestahús cottages, kt. 650601-2460. Kaldbak Húsavík. Endurnýjun. **Samþykkt.**
6. Helga Arngrímsdóttir, kt. 140753-3199, Hólavegi 3, 650 Laugar. Fermata North. Gististaður fl. II. **Samþykkt.**
7. H.Hallsson, kt. 530999-2899, Árhólum Laxárdal, Þingeyjarsveit. 4 smáhýsi. Gististaður fl II. **Samþykkt.**
8. Þórdís G. Jónsdóttir, kt. 051063-2369, Vogum 2, 660 Mývatn. Miðhús,gististaður fl II. **Samþykkt.**
9. Reimar Sigurjónsson, kt. 020272-3339, Felli 685 Bakkafirði. Nýtt sumarhús,viðbót. Gististaður Fellcottages fl. II. **Samþykkt.**
10. Fjalladrottning ehf, kt. 640512-2530, Grímstungu 1 660 Mývatn. Gististaður fl. II. **Samþykkt.**
11. Fjalladrottning ehf. kt. 640512-2530, Hólsef, 660 Mývatn. Gististaður fl.II. **Samþykkt.**
12. Landsnet hf. kt. 580804-2410 Starfsleyfi fyrir tengivirki í Kröflu. **Samþykkt.**
13. Landsnet hf. kt. 580804-2410 Starfsleyfi fyrir tengivirki á Bakka. **Samþykkt.**
14. Ektafiskur ehf, kt. 621200-2750, umsókn um starfsleyfi fyrir baðstað í náttúrunni, flokkur II, Hauganesi, 621 Dalvík. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**
15. Ektafiskur ehf, kt. 621200-2750, umsókn um starfsleyfi fyrir tjaldsvæði á Hauganesi, 621 Dalvík. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**
16. Ís og kaffi kt. 580313-1240, umsókn um starfsleyfi fyrir kaffihús í flokki II, Geislagötu 10, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
17. Arnarsnes Paradís; Eygló Jóhannesdóttir kt. 080658-3119, umsókn um starfsleyfi fyrir gistiskála ásamt veitingaþjónustu, Arnarnesi, 601 Akureyri. **Samþykkt.**
18. Hafdal-Hestar ehf kt. 660410-0820, umsókn um starfsleyfi fyrir minna gistiheimili að Glæsibæ 2, 601 Akureyri. **Samþykkt.**
19. Vídalín veitingar slf, kt. 580169-7169, Gólfklúbbi Akureyrar, Jaðri, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir veitingarekstur. **Samþykkt.**
20. Einar Gíslason kt. 230660-3879, umsókn um starfsleyfi fyrir veitingastofu og greiðasölu að Brúnum í Eyjafjarðarsveit, 601 Akureyri. **Samþykkt.**
21. Brugg Kompaní ehf. kt.580517-1290, umsókn um starfsleyfi fyrir bjórgerð að Óseyri 5, 603 Akureyri. **Samþykkt.**
22. H hostel ehf; kt. 610916-1200 , umsókn um starfsleyfi fyrir gistiskála í Hafnarstræti 99-101, 600 Akureyri. **Samþykkt.**

Önnur mál:

Umsögn um skipulagstillögu í Hörgársveit

María Markúsdóttir heilbrigðisfulltrúi kynnti umsögn.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 16.15

Jón Ingi Cæsarsson

Alfreð Schiöth

Fjóla Stefánsdóttir

Þorkell Björnsson

Guðmundur Smári Gunnarsson

Þórey Agnarsdóttir

Kristín Halldórsdóttir

María Markúsdóttir